

Í VINNSLU



Kópavogsbær

DRÖG

október 2015

GRUNNGÖGN GREININGARVINNU

VIÐAUKI III

INNGANGUR

Eftirfarandi gögn eru unnin úr Landupplýsingakerfi Kópavogs, Íbúasýn, Þjóðskrá og fleiri gagnagrunnum.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 var bænum skipt upp í fimm hverfi, Kársnes, Digranes, Smárann, Fífuhvamm og Vatnsenda. Hverju hverfi hefur verið skipt niður í minni hverfareiti. Hverfareitirnir afmarkast ýmist af gatnakerfi, skólahverfum, skipulagseinkennum eða umhverfislegum þáttum. Í hverju hverfi og hverjum hverfareit verða unnar greiningar og athuganir á þáttum eins og íbúafjölda, aldursdreifingu, byggðaþróun, aðgengi að opnum svæðum og þjónustu í hverju hverfi.

Fimm þróunarsvæði eru tilgreind í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 en þau eru tekin til hliðar í þessari vinnu og skipulag unnið sérstaklega fyrir þau. Þróunarsvæðin eru eftirfarandi:


- Svæðið umhverfis Kársneshöfn.
- Smiðjuhverfi.
- Hluti af Dalvegi.
- Suðursvæði Smáralindar.
- Glaðheimasvæðið.

Árið 1949 gerði skipulagsstjóri ríkisins fyrsta heildarskipulagið af Kársnesi vestan Hafnarfjarðarvegar. Þar var notast við gatnakerfið sem þegar hafði myndast, Þar var gert ráð fyrir íbúðarbyggð og útivistarsvæði meðfram allri strandlengjunni, en aðstæður höguðu því þannig að atvinnurekstur festi sig í sessi meðfram Fossvogi og fremst á Kársnesi þar sem vinna við hafnargerð hófst árið 1952. Í þessu riti eru settar fram tölfræðilegar upplýsingar um stöðu Kársness árið 2015. Á meðfylgjandi loftmynd er Kársnes auðkennt sérstaklega í lit.

Í gátlista sem fylgir hverfisáætluninni hefur verið útbúinn viðmiðunarkóði sem segir til um stöðu og gæði hverfisins út frá lýðheilsu og vistvænum þáttum. Viðmiðunarkóðinn mun fylga greiningum þar sem við á.

Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði				

Viðmiðunarkóði.




Áhrifaþættir á lífsgæði og heilsu íbúa í borgum.

HVERFASKIPTING & HVERFAREITIR

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er þéttbýli Kópavogs skipt í fimm hverfi. Hverju hverfi hefur svo verið skipt í minni einingar, hverfareiti. Hver hverfareitur ræðst af mismunandi þáttum s.s. gatnakerfi, umhverfislegum forsendum, skólahverfi eða skipulagseinkennum.


Kársnes skiptist í fimm hverfareiti.
 Digranes skiptist í tólf hverfareiti.
 Smárinn skiptist í fjóra hverfareiti.
 Fífuhvammur skiptist í fimm hverfareiti.
 Vatnsendi skiptist í sex hverfareiti.




SAMFÉLAG MEÐALALDUR

- Meðalaldur á Kársnesi er 39 ár.
- Meðalaldur í Kópavogi er 37 ár.

Meðalaldur íbúa.



Hæsti meðalaldur á Kársnesi er í hverfareit K5 eða 49 ár en lægsti meðalaldurinn er í hverfareit K1 eða 32 ár.




SAMFÉLAG

ALDUR & ALDURSDREIFING


- Aldur og aldursdreifing á Kársnesi.
- Aldur og aldursdreifing í Kópavogi.

Aldursdreifing.





Aldursdreifing á Kársnesi er góð samkvæmt viðmiðum í gátlista. Þegar aldursdreifing í hverfinu er skoðuð má sjá að aldursbilið 0-5 ára er undir viðmiðum en aldursbilið 67+ er yfir viðmiðum. Önnur aldursbil eru nokkuð nálægt viðmiðum. Þegar aldursdreifing í hverjum hverfahluta er skoðuð þá má sjá að 32% íbúa í hverfareit K5 eru 67 ára og eldri en viðmiðin eru 11%. Sá mikli fjöldi eldri borgara í þessum hverfahluta skýrist af hjúkrunarheimili aldraðra, Sunnuhlíð, og því að þessi aldurshópur hefur sóst eftir að búa í þeim byggingum sem hafa verið að byggjast upp á Kópavogstúni undanfarin ár. Í deiliskipulagi af svæðinu er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara. Í hverfahluta K1 eru fáir eldri borgarar eða aðeins 1,2% en stór hluti aldurshópsins 25-34 ára eða 29%.


Aldursdreifing á Kársnesi, 2015




Aldursdreifing í Kópavogi, 2015




Aldursdreifing í K1, 2015




Aldursdreifing í K2, 2015




Aldursdreifing í K3, 2015



Aldursdreifing í K4, 2015



Aldursdreifing í K5, 2015



Viðmið í aldursdreifingu

0-5 ára:	9%
6-12 ára:	8%
13-16 ára:	5%
17-24 ára:	12%
25-34 ára:	16%
35-66 ára:	39%
67+:	11%

SAMFÉLAG ÍBÚAÞÉTTLEIKI

- Íbúapéttleiki á Kársnesi.
- Íbúapéttleiki í Kópavogi.


- Þegar fjöldi íbúa á hvern ha er skoðaður nánar má fljótt sjá að hverfareitur K1 og K5 eru að draga úr þéttleika hverfisins. Þar eru annars vegar opið svæði og athafnasvæði sem hafa áhrif. Í hverfareit K1 eru fáar íbúðir og í hverfareit K5 er Kópavogstún eitt af stærri opnu svæðum bæjarins þar sem ekki verður byggt á, eða um 8,7 ha. Einnig er mikilvægt að nefna að uppbyggingu á Kópavogstúni er ekki lokið og þar mun íbúum fjölga. Uppbygging í hverfahluta K1 er að fara af stað auk þess sem hluti af svæðinu er þróunarsvæði og þar má gera ráð fyrir að íbúðum fjölgi á næstu árum.
- Sama á við um íbúðir/ha, fáar íbúðir eru í hverfareit K1 og opna svæðið á Kópavogstúni í hverfareit K5 hafa áhrif á þéttleika.
- Mesti þéttleikinn er í hverfareit K2 eða 46,62 íbúar/ha eða 13,42 íbúðir/ha.
- Þegar íbúar á hverja íbúð eru skoðuð nánar má sjá að hverfareitur K2 og K4 eru þéttustu hverfin, þar eru sérbyli aðallega.

Kársnes 2015

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúapéttleiki íbúar/ha	Íbúðapéttleiki íbúðir/ha	Íbúar á íbúð
K1	322	146	73	49	6,57	2,98	2,21
K2	1.212	349	255	26	46,62	13,42	3,47
K3	1.256	472	258	41	30,63	11,51	2,66
K4	1.545	507	337	42	36,79	12,07	3,05
K5	662	312	111	36	18,39	8,67	2,12
Samtals	4.997	1.786	1.034	194	25,76	9,21	2,80

Kópavogur 2015

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúapéttleiki íbúar/ha	Íbúðapéttleiki íbúðir/ha	Íbúar á íbúð
Kársnes	4.997	1.786	1.034	194	25,76	9,4	2,80
Digranes	12.320	4.587	2.177	341	36,13	13,7	2,69
Smárinn	3.009	1.303	378	153	19,67	8,7	2,31
Fífuhvammur	6.094	2.193	831	227	26,85	9,8	2,78
Vatnsendi	7.505	2.429	985	690	10,88	4,2	3,09
Kópavogur	33.925	12.298	5.405	1.605	21,14	7,2	2,76




SAMFÉLAG LEIGUSAMNINGAR



- Fjöldi þinglýstra leigusamninga í Kópavogi.

Fjöldi þinglýstra leigusamninga á árunum 2010 - 2014. Aðeins er fyrsti ársfjórðungur í árinu 2014.


Fjöldi þinglýstra leigusamninga 2010-2014.




Hverfi Kópavogs.




Fjöldi þinglýstra leigusamninga eftir árum.



Fjöldi þinglýstra leigusamninga 2008 - 2014 eftir hverfum.



Flestar þinglýstar leiguíbúðir eru í Digranesi en fæstar í Smáranum og Fífuhvamm. Fjöldi þinglýstra leigusamninga hefur fækkað frá árinu 2011 en ekki er hægt að taka mið af árinu 2014 þar sem þar eru aðeins tölur frá fyrsta ársfjórðungi.





SAMFÉLAG LEIGUVERÐ

- Meðalleiguverð á íbúðarhúsnæði

Kortið sýnir einungis meðalleiguverð þinglýstra leigusamninga sem gerðir voru á árunum 2010-2014, fyrsti ársfjórðungur 2014, fyrir íbúðarhúsnæði en ekki eldri samninga. Auk þess getur verið um fleiri en einn leigusamning að ræða fyrir sömu íbúðina á þessu tímabili. Því er ekki hægt að sýna þessar tölur sem hlutfall af heildarfjölda íbúða í hverju hverfi.


Meðalleiguverð á m² á mánuði.



SAMFÉLAG

ÞJÓNUSTUKJARNAR

- Þjónustukjarnar og áhrifasvæði í 600 m og 1000 m radíus.



- Miðsvæði.
- Verslun og þjónusta.
- Áhrifasvæði 600 m radíus, verslun og þjónusta.
- Áhrifasvæði 1000 m radíus, miðsvæði.

Miðsvæði er svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis. Verslun og þjónusta er svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu.

Á Kársnesi er matvöruverslun, sjoppa, bakarí, bensínstöð og fiskbúð, auk þess sem Hamraborgin er miðsvæði.


Á Digranesi er fjölbreytt verslun og þjónusta auk þess sem Hamraborgin er miðsvæði.

Í Smáranum er fjölbreytt blanda af verslun og þjónustu og miðsvæði.

Í Fifuhvammi er blanda af verslun og þjónustu og miðsvæði.

Í Vatnsenda er blanda af verslun og þjónustu.



Þegar áhrifasvæðin eru skoðuð þá er það helst vestast á Kársnesi og í Vatnsenda sem þarf að skoða verslun og þjónustu þegar miðað er við 600 m radíus í áhrifasvæði.



Á árum áður voru ýmis smáfyrirtæki viðsvegar í hverfinu. Má þar nefna hárgreiðslustofur, matvöruverslanir, heildsölur og fleira.



Verslun á Kársnesi hefur þróast sem hér segir:


1. Söluturn.
2. Söluturn.
3. Sækjör.
4. Kjörbúð.
5. Jóa búð, í dag matvörubúð og fiskverslun.
6. Kron, í dag bakarí og söluturn.
7. Byko.
8. Söluturn.
9. Verslunin Kópavogur.
10. Matval.
11. Hænsnabú.



SAMFÉLAG GRUNNSKÓLAR

- Grunnskólar Kópavogs og 800 m radíus í áhrifsvæði.


-  Grunnskólar Kópavogs.
-  800 m radíus.



Allir íbúar Kársness búa innan áhrifsvæðisins frá grunnskóla en börn búsett við Helgu- og Sæbólsbraut eru ekki búsett innan áhrifsvæðis Kársnesskóla og eru þau því lengur en 10 mín. að ganga í og úr skóla. Í boði fyrir nemendur í Sæbólshverfi er að taka skólabil á morgnanna og aftur heim eftir skóla. Þegar þróun nemendafjölda Kársnesskóla er skoðuð þá má sjá að nemendum hefur fækkað aðeins síðustu 15 skólaár. Kársnesskóli og Þinghólsskóli voru áður sitthvor skólinn en árið XXXX voru þeir sameinaðir og eru í dag nemendur í 1. - 4. bekk við Skólagerði en nemendur í 5. - 10. bekk við Vallargerði.

Þegar viðmiðunarskalinn fyrir fjölda íbúða í skólahverfi er skoðaður er nokkuð ljóst að fjöldi íbúða á Kársnesi fer yfir 1.300 íbúðir en að sama skapi eru þar tveir skólar sem taka við nemendum í hverfinu. Gera má ráð fyrir að hámarksfjöldi í Kársnesskóla sé um 700 nemendur. Aðrir skólar í Kópavogi sem fara svona langt yfir við íbúða á skólahverfi eru hinir tveir gömlu skólarnir í Kópavogi, Kópavogsskóli og Álfhólsskóli.




Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði	< 1000 íbúðir/skólahverfi	1000-1100 íbúðir/skólahverfi	1101-1200 íbúðir/skólahverfi	1201-1300 íbúðir/skólahverfi




SAMFÉLAG

LEIKSVÆÐI

- Leiksvæði með 300 m áhrifasvæði í radíus.

-  Leiksvæði.
-  Áhrifasvæði með 300 m radíus.
-  Leiksvæði skv. skipulagi en hafa ekki verið framkvæmd.



Áhrifasvæði leiksvæða er 300 m í radíus. Inni í þessari greiningu eru ekki gæsluvellir eða leiksvæði á leik- og grunnskólalóðum.

Hverfareitur K4 á Kársnesi fellur að mestu fyrir utan áhrifasvæðis en á þeim hverfareit er Stelluróló (gæsluvöllur) og skólalóð Kársnesskóla. Í hverfahluta K5 hjá Kópavogstúni er vöntun á leiksvæði. Huga þarf að leiksvæðum á þróunarsvæði á Kársnesi. Á Digranesi eru tvö svæði sem falla ekki undir áhrifasvæði leiksvæða í bænum, það er Lundur og Auðbrekkusvæðið og hluti af hverfareit D3, D7 og D11. Í Smáranum er lítill hluti sem fellur ekki innan áhrifasvæðis leiksvæða en sá hluti er mjög nálægt bæði leik- og grunnskólalóð. Leiksvæði á leik- og grunnskólalóðum er hægt að nota eftir lokun á virkum dögum og um helgar.







Þegar Fífuhvammur er skoðaður er það Glaðheimasvæðið og Öldu- og Örvasalir sem eru fyrir utan áhrifasvæðið. Í Vatnsenda eru fjórir hverfahlutar sem eru ekki á áhrifasvæði leiksvæða í hverfinu, það eru hverfareitir V1, V2, V4 og V6.


Rauðu punktarnir á teikningunni sína hvar leiksvæði eiga að vera samkvæmt skipulagi en þau hafa ekki verið gerð.

0 1 2km


SAMFÉLAG BOLTAVELLIR

- Boltavellir, púttvöllur, hjólabrettavöllur og tennisvöllur með 300 m áhrifsvæði í radíus.

-  Sparkvöllur.
-  Malarvöllur.
-  Grasvöllur.
-  Körfuboltavöllur.
-  Púttvöllur.
-  Hjólabrettavöllur.
-  Tennisvöllur.
-  Áhrifsvæði með 300 m radíus.
-  Boltavellir skv. skipulagi en hafa ekki verið framkvæmdir.







Áhrifsvæði opinna íþróttavalla í Kópavogi er 300 m í radíus. Stór hluti af þessum völlum eru inni á skólalóðum bæjarins. Mikilvægt er að hafa fjölbreytta íþróttavelli í bænum sem höfða til fjölbreytts hóps svo notkunin verði meiri og stuðla megi að bættri lýðheilsu bæjarbúa.




SAMFÉLAG ÞJÓNUSTA

- Þjónusta í Kópavogi

Bókasafn, heilsugæsla og félagsþjónusta fyrir eldri borgara.

-  Heilsugæsla.
-  Félagshemili aldraðra.
-  Bókasafn.
-  Áhrifsvæði frá heilsugæslu með 800 m radíus.



Í Kópavogi eru þrjár heilsugæslur, í Hamraborg, Smáranum og í Fífuhvammi. Bókasöfnin eru tvö, í Hamraborg og í Fífuhvammi (Lindaskóli). Félagshemili fyrir aldraða eru á þremur stöðum, í Hamraborg, í Smáranum og í Vatnsenda. Hjúkrunarheimili fyrir aldraða, Sunnuhlíð, er á Kársnesi (Kópavogstún) og þar er einnig gert ráð fyrir þjónustuðmiðstöð fyrir aldraða í nýju deiliskipulagi. Áhrifsvæði frá heilsugæslum er 800 m.


SAMFÉLAG

ÞJÓNUSTA - HREYFING

- Þjónusta í Kópavogi.


Íþróttamannvirki og sundlaugar

-  Íþróttamannvirki í eigu bæjarins.
-  Sundlaug í eigu bæjarins.
-  Íþróttahús við skólstofnanir.
-  Íþróttaaðstaða í eigu einkaaðila eða annarra.
-  Áhrifasvæði íþróttamannvirkja.
-  Áhrifasvæði sundlauga.



Íþróttamannvirki á vegum bæjarins eru víða í Kópavogi. Áhrifasvæði stærri íþróttamannvirkja og sundlauga eru skoðuð hér. Viðmið áhrifasvæðisins er 1.000 m og nær áhrifasvæðið nánast yfir allan Kópavog að hverfahluta V4 undanskildum.

Önnur mannvirki sem stuðla að hreyfingu íbúa eru m.a. íþróttahús við grunnskóla, heilsuræktarstöðvar og tennishöll. Sundlaugar eru bæði í Boðarþingi, hjúkrunarheimili Hrafnistu í Kópavogi, og á Kópavogstúni, endurhæfing. Áhrifasvæði þeirra eru ekki skoðuð hér. Fyrirhugað er að reisa íþróttahús við Vatnsendaskóla.




ATHAFNIR DAGLEGS LÍFS

ALMENNINGSSAMGÖNGUR


- Strætóleiðir og biðstöðvar.

-  Biðstöð í Hamraborg.
-  Leið 1.
-  Leið 2.
-  Leið 4.
-  Leið 28.
-  Leið 24.
-  Leið 35.



Ein leið fer um Kársnesið, leið nr. 35. Vagninn fer frá Hamraborg, að Sunnuhlíð og hring á Kársnesinu, út á Digranes og endar aftur í Hamraborg. Á háanna tíma fer vagninn á 15 mín. fresti en á öðrum tíma á 30 mín. fresti. Háannatími er frá 6:52-9:07 og 13:52-18:07. Leið 35 er innanbæjarstrætó, til að komast í önnur sveitarfélög þarf að skipta í Hamraborg eða taka vagna við Hafnarfjarðarveg.


Íþróttafélögin í Kópavogi, Breiðablik og HK, eru með tólmstundavagn á veturnar, sem aka á milli grunnskólanna og Kórsins og Fífunnar.



ATHAFNIR DAGLEGS LÍFS

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

- Áhrifasvæði strætóbiðstöðva , 400 m radíus.




Biðstöð og áhrifasvæði.

Áhrifasvæði biðstöðva Strætó í Kópavogi eru 400 m frá hverri biðstöð. Það er helst í Vatnsenda sem vantar biðstöðvar, þegar miðað er við 400 m radíus í áhrifasvæði fyrir hverja biðstöð, s.s. Rjúpnahæð, Smalaholt, Glæðheimasvæðið og hluta af Þingum og Hvörfum.

Ef uppbygging íbúðarsvæðis fer af stað vestast á Kársnesi þarf að skoða leiðarkerfi strætó með tilliti til aukinnar byggðar.



Viðmið	Undir lágmarki	Lágmark	Æskilegt	Gott
Litakóði	< 70%	71-80%	81-90%	91-100%



ATHAFNIR DAGLEGS LÍFS

GRENNDARGÁMAR

- Grenndargámar.
- Áhrifasvæði grenndargáma með í 500 m radíus.

-  Grenndargámastöð.
-  Áhrifasvæði grenndargámastöðva.



Í Kópavogi eru 12 grenndargámastöðvar og ein endurvinnslustöð við Dalveg.

Kársnes: Ein stöð sem tekur við plasti, pappa og fötum.

Digranes: Fimm stöðvar sem taka við plasti, pappa, fötum og dósnum.

Smáránn: Ein stöð sem tekur við plasti, pappa og fötum.

Fífuhvammur: Þrjár stöðvar sem taka við plasti og pappa.

Vatnsendi: Tvær stöðvar sem taka við plasti og pappa.

Þegar staðsetning stöðvanna og áhrifasvæði þeirra eru skoðuð má sjá að bæta þarf við grenndargámastöð á Kársnesi. Staðsetning grenndargáma á Digranesi þarf að skoða í heild sinni til að þjónusta íbúa betur. Í Smáranum þarf að bæta við grenndargámastöð ef uppbygging fer af stað á suðursvæði Smáralindar. Í Fífuhvammi og Vatnsenda þarf að skoða staðsetningu stöðvanna nánar til að þjónusta íbúana betur. Skoða má þann kost að færa grenndargámstöðvarnar á bílastæði við verslunar og þjónustukjarna, t.d. við Ögurhvarf, Vallakór, Skógarlind, Nýbýlaveg. Mikilvægt er að stöðvarnar séu í alfaraleið og snyrtilegar. Svæðin verða snyrtilegri þegar byggt er í kringum þau og gróðursett.




Heimild: X2, hönnun og skipulag ehf (2013).

EFNAHAGUR

ATVINNUSVÆÐI

- Staðsetning og stærð
atvinnusvæða í Kópavogi.




- Athafnarsvæði.
- Miðsvæði.
- Verslun og þjónusta.



EFNAHAGUR

AÐGENGI

- Kópavogur og korterskort .
- Aðgengi að stærri atvinnusvæðum á höfuðborgarsvæðinu frá Kópavogi.



Minni hringurinn sýnir 800 m radíus frá bæjarkjörnum innan Kópavogs, þ.e. Engihjalli, við Salavegi og Vallakór og stærri hringurinn sýnir 1.200 m radíus frá bæjarkjörnum þremur.

Gera má ráð fyrir að hægt sé að ganga um 800 m á 8 -10 mín og um 1200 m á 12-14 mín.

Þegar miðað er við 20 km meðalhraða á hjóli er hægt að komast 3,9 km í loftlínu á 15 mínútum. Kortið sýnir þá vegalengd sem meðal hjólreiðamaður ferðast á 15 mínútum frá miðkjörnum tveimur í Kópavogi, annars vegar Hamraborg og hins vegar Smáranum. Gangandi vegfarendur ganga 3,9 km á 40 mín. (Þessar upplýsingar eru byggðar á rannsóknum frá Reykjavíkurborg, http://eldri.reykjavik.is/portaldata/1/Resourcer/framkvaemdavid/gongu_og_hjolastigar/korterpdf.pdf).



Kortið sýnir að hægt er að hjóla á 15 mín úr Kópavogi í Garðabæ, Kringluna, Nauthólsvík, Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Landspítalann. Mikilvægt er þó að gera grein fyrir því að Kópavogur er ekki flatur og hefur það því áhrif á tíma og vegalengd.

MANNGERT

UMHVERFI

ALDUR HÚSNÆÐIS

- Byggingarár húsa á Kársnesi.
- Byggingarár húsa í Kópavogi.
- Möguleg framkvæmdasvæði í Kópavogi 2014-2018+.



1. Kópavogshöfn: Gert er ráð fyrir breyttri landnýtingu þar sem vannýtt athafnahúsnæði vikur fyrir 550 íbúðum. Liður í þessum áformum er að liðka fyrir umferð með bættum vegtengingum og byggja brú yfir Fossvog fyrir gangandi og hjólandi umferð.
2. Bryggjuhverfið við Fossvog: Fyrir liggur deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir 392 íbúðum.
3. Kópavogstún: Á fyrri hluta skipulagstímans er reiknað með að uppbygging Kópavogstúns verði lokið í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Eftir á að byggja um 80 íbúðir og 70 þjónustuíbúðir skv. samþykktu deiliskipulagi.
4. Lundur/Auðbrekka: Fjölbýlishúsabyggð þar sem eftir er að byggja um 300 íbúðir og á Auðbrekkusvæðinu um 160 íbúðir.
5. Smárinn: Blönduð byggð með allt að 500 íbúðum.
6. Glæðheimar: Blönduð byggð með allt að 500 íbúðum.
7. Hnoðraholt: Smalaholt: Í uppbyggingu.
8. Rjúpnahæð: Í uppbyggingu.
9. Vatnsendahlíð: Blönduð íbúðabyggð með allt að 900 íbúðum. (Ítarlegri umfjöllun í rammahluta aðalskipulags, kafli 7).

MANNGERT UMHVERFI OPIN SVÆÐI

- Opin svæði.

- Opin svæði.
- Kirkjugarður.
- Golfvöllur.
- Skógræktarsvæði.
- Landbúnaðarsvæði.

Heildar stærð opinna svæða í Kópavogi, skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, er 617 ha, þar af er hluti af þessari stærð golfvöllur, kirkjugarður, landbúnaðarsvæði og skógræktarsvæði.

Opin svæði á Kársnesi: 37,9 ha
Opin svæði á Digranesi: 60,9 ha
Opin svæði í Smáranum: 6,4 ha
Opin svæði í Fífuhvammi: 162,5 ha
Opin svæði á Vatnsenda: 348,8 ha

Kópavogsdalurinn liggur á milli Digranes og Smárans, í þessum tölum er Kópavogsdalurinn innan heildartölu Digranes.

Í Fífuhvammi er golfvöllur og kirkjugarður inni í heildarstærð opinna svæða í hverfinu.

Í Vatnsenda er skógræktarsvæði og landbúnaðarsvæði inni í heildarstærð opinna svæða í hverfinu.


Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa á Kársnesi: 75,9 m²/íbúa.
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa á Digranesi: 49,4 m²/íbúa.
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa í Smáranum: 60,4 m²/íbúa.*
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa í Fífuhvammi: 266,7 m²/íbúa.
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa á Vatnsenda: 464,6 m²/íbúa.

Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa í Kópavogi: 181,7 m²/íbúa.
Alþjóða heilbrigðisstofnunin, WHO, hefur tilgreint að hver borg eigi að hafa að minnsta kosti 9 m² af opnu svæði fyrir hvern íbúa.

Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs er svæðið umhverfis Dimmu víkjandi byggð og er áætlað að þar verði opið svæði í framtíðinni. Byggðin í Vatnsendahlíð er í dag opið svæði en áætlað er að þar verði íbúðarbyggð í framtíðinni. Það sama á við í Vatnsendahvarfi (V2 og V3), þar sem áætlað að í framtíðinni komi þar samfélagsþjónusta. Hverfareitur V7, í Vatnsenda, er að hluta til hvítur en þar er skipulagi frestað. Syðsti hluti Vatnsenda er vatnsverndarsvæði, annars vegar grannsvæði og hins vegar fjarsvæði.

*Kópavogsdalurinn allur er tekinn með í þessum útreikningi.


0 1 2km



MANNGERT UMHVERFI ÁHRIFASVÆÐI OPINNA SVÆÐA

- Áhrifasvæði opinna svæða og strandlengju.

- Opin svæði.
- Áhrifasvæði opinna svæða, 50 m.



Fjöldi íbúa sem búa innan hvers áhrifasvæðis
 Opið svæði nr. 1 - þar er enginn búsettur í dag
 Opið svæði nr. 2 - þar er enginn búsettur í dag
 Opið svæði nr. 3 - þar býr 31 íbúi
 Opið svæði nr. 4 - þar búa 324 íbúar
 Opið svæði nr. 5 - þar búa 94 íbúar
 Opið svæði nr. 6 - þar búa 253 íbúar
 Opið svæði nr. 7 - þar búa 404 íbúar
 Opið svæði nr. 8 - þar búa 221 íbúi
 Opið svæði nr. 9 - þar búa 1219 íbúar
 Opið svæði nr. 10 - þar búa 165 íbúar
 Opið svæði nr. 11 - þar búa 1742 íbúar
 Opið svæði nr. 12 - þar er enginn búsettur í dag
 Opið svæði nr. 13 - þar búa 229 íbúar
 Opið svæði nr. 14 - þar búa 2140 íbúar
 Opið svæði nr. 15 - þar búa 626 íbúar
 Opið svæði nr. 16 - þar búa 733 íbúar
 Opið svæði nr. 17 - þar búa 402 íbúar
 Opið svæði nr. 18 - þar búa 24 íbúar
 Opið svæði nr. 19 - þar búa 694 íbúar
 Opið svæði nr. 20 - þar búa 368 íbúar


Samtals búa 9669 íbúar innan 50 m áhrifasvæðis opinna svæða í Kópavogi.

0 1 2km

MANNGERT UMHVERFI ÁHRIFASVÆÐI OPINNA SVÆÐA



- Áhrifasvæði opinna svæða og
strandlengju.

- Opin svæði.
- Áhrifasvæði strandlengju,
400 m.
- Áhrifasvæði opinna svæða,
400 m.




MANNGERT UMHVERFI BÍLAR


- Bílaeign á Kársnesi.
- Bílaeign í Kópavogi.





Fjöldi bíla pr. íbúð á Kársnesi árið 2014.



Fjöldi bíla í Kópavogi árið 2014.




Fjöldi bíla pr. íbúð í Kópavogi árið 2014.



MANNGERT UMHVERFI ÞRÓUNARSVÆÐI

- Þróunarsvæði skv. Aðalskipulagi
Kópavogs 2012 - 2024.

 Þróunarsvæði.



- 1 - Kársnes.
- 2 - Auðbrekka.
- 3 - Smiðjuhverfið.
- 4 - Dalvegur.
- 5 - Suðursvæði Smáralindar.
- 6 - Glaðheimasvæðið.

Kársnes - Á svæðinu er gert ráð fyrir þéttri og vistvænni byggð með blandaðri landnotkun athafnasvæðis og íbúðarsvæðis. Byggðin verði 2-4 hæðir. Ef hún verður 5 hæðir þá skal sú hæð vera inndregin. Reiknað er með 2,2 íbúum/íbúð. Í aðalskipulaginu gerir ráð fyrir að hlutfallið breytist í 60% íbúðir og 40% atvinnuhúsnæði. Stærð 15 ha.

Auðbrekka - Skipulag hverfisins miðast við að auka hlut verslunar og þjónustu eða starfsemi sem er tengd henni auk þess að fjölga íbúðum á svæðinu. Stefnt er að því að hlutfallið verði 40% íbúðir en 60% atvinnuhúsnæði. Breytingin mun leiða til þess að ásýnd norðurhluta Kópavogs mun batna. Stærð 8 ha.

Smiðjuhverfi - stefnt er að því að hlutfallið verði 75% athafnasvæði á móti 25% verslun og þjónusta. Stærð 25 ha. Nýtingarhlutfall 1,5.

Dalvegur - Svæðið telst fullbyggt en þó er svigrúm fyrir breytingar á svæðinu fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Nýtingarhlutfall 0,5 til 0,8 Stærð 10 ha.

Suðursvæði Smáralindar & Glaðheimar

Glaðheimasvæðið verður skilgreint sem miðsvæði og er gert ráð fyrir um 158.000 m² heildarbyggingarmagni ofanjarðar sem er um 1,25 í meðalnýtingu. Áætluð reita- og svæðisnýting með bílgeymslum neðanjarðar á öllu svæðinu gerir ráð fyrir heildarnýtingu um 1,4. Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða aukist úr 245 í 500 íbúðir. Af því leiðir að fjöldi fermetra í skrifstofu- verslunar- og þjónustuhúsnæði lækkar tilsvarendi og verður um 100.000 m² með bílajakjöllurum neðanjarðar. Svæðið er liðlega 12 ha að flatarmáli. Heildarbyggingarmagn á svæðinu öllu með bílageymslum er áætlað 175.000 m². Sunnan Smáralindar er óbyggt svæði í einkaeign ætlað fyrir verslun og þjónustu. Áætlað er að meðaltalsnýting á svæðinu hækki úr 0,7-0,8 í 1,3 án bílgeymslna neðanjarðar. Gert er ráð fyrir allt að 500 íbúðum á svæðinu og að verslunar- og þjónustasvæði verði nú skilgreint sem miðsvæði. Í Aðalskipulaginu er miðað við að ráðist verði í heildarendurskoðun á deiliskipulagi á miðhverfinu umhverfis Reykjanessbraut, þ.e. í Glaðheimum

og í Smáranum. Í þeirri vinnu verði landnotkun og landnýting endurskoðuð svo og samgöngur á svæðinu. Gert er ráð fyrir að yfirbragð fyrirhugaðrar byggðar verði endurskoðuð, m.a. hæð byggðarinnar og form, opin svæði, tenging á milli svæða, göngu- og hjólaleiðir og möguleg áfangangaskipting. Skiptistöð almenningsamgangna verði á svæðinu og mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur meðfram Reykjanessbraut. Stærð þess svæðis, þar sem endurskoðun er fyrirhuguð, er um 50 ha, þ.e. svæðið sem afmarkast af Arnarnesvegi í suðri, Smárahvammsvegi í vestri, Fifuhvammsvegi í norðri og Lindarvegi í austri. Umrætt svæði er hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins sbr. gildandi svæðisskipulag frá 2002.

0 1 2km

MANNGERT

UMHVERFI


SLYSAKORT

- Umferðaróhöpp samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu. Tekið er fyrir fimm ára tímabil, 2010-2014.

Óhöppum í Kópavogi við lok tímabilsins sem er verið að skoða eru fleiri en við upphaf þess og hafa aldrei verið fleiri. Mikil fjölgun hefur orðið á óhöppum án meiðsla. Sé fimm ára tímabil nú (2010-2014) borið saman við fimm ár þar á undan (2004-2009) þá hefur óhöppum fjölgað að meðaltali 21 á ári, hins vegar hefur slysum, þar sem einhver slasat, fækkað um 7. Flest óhöpp verða eðlilega þar sem umferð er mest, eins og á Hafnarfjarðarvegi og á Reykjanesbraut. Áberandi samþjöppun alvarlegra slysa, umfram þá sem umferð og hraði gefa tilefni til, má greina við Smáralind/Smáratorg. Á þessum stöðum eru óhöpp á óvörðum vegfarendum algeng. Mikil aukning varð á óhöppum tengdum hjólandi vegfarendum árið 2014. Þessa aukningu má hugsanlega skýra að einhverju leyti með bættri skráningu þessara óhappa.

Mikil samþjöppun alvarlegra slysa:

- Bifreiðarstæðum nálægt Smáralind og Smáratorgi.
- Dalvegur.
- Lindavegur/Hlíðardalsvegur.
- Kársnesbraut.



Skýringar	
Alvarleiki óhappa, 2010-2014	
+	Meiriháttar meiðsl 46 stk
o	Minniháttar meiðsl 197 stk
•	Án meiðsla 2443 stk

Samtals 2686 óhöpp



Kópavogur - slysakort 2010-2014
Öll óhöpp



Júní 2015

MANNGERT

UMHVERFI

SLYSAKORT


- Umferðaróhöpp samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu. Tekið er fyrir fimm ára tímabil, 2010-2014.

Kortið sýnir yfirlit um umferðaróhöpp á óvörðum vegfarendum í umdæmi Kópavogsbæjar. Tekið er fyrir fimm ára tímabil, 2010-2014 og byggir á gögnum frá Umferðarstofu.

Mörg og alvarleg óhöpp á óvörðum vegfarendum:

- Í nágrenni Smáralindar og Smáratorgs
- Skiptistöð Hamraborg
- Á Nýbýlavegi við Túnbrekku og á Ástúni.




Mikil fjölgun hefur verið á óhöppum á óvörðum vegfarendum síðastliðið ár, þá sérstaklega á hjólandi vegfarendum. Alvarleg slys verða að meðaltali 4 á ári en voru að meðaltali 3 á ári síðustu fimm ár á undan. Tvö meiriháttar meiðsl á óvörðum vegfarendum eru á Kársnesi.



MANNGERT UMHVERFI FERÐAVENJUR SKÓLABARNA


- Ferðavenjur grunnskólanna í 1. og 7. bekk Kársnesskóla.
- Leiðarval grunnskólanna í 4., 5. og 6. bekk Kársnesskóla.

Gönguleiðir og hættusvæði.


-  Hættusvæði.
-  Grunnskólar.
-  Helstu gönguleiðir.

Ferðamáti nemenda.


-  Gangandi.
-  Á bíl.
-  Á hjóli.
-  Með strætó.




Kársnesskóli 1. bekkur, haustið 2014



Kársnesskóli 7. bekkur, haustið 2014











Nemendur benda á sjö staði þar sem þeir telja að þeim stafi hætta af umferð á leið sinni í skólann. Þau hættusvæði sem nemendur í Kársnesskóla bentu á eru við Holtagerði, Skólagerði, Borgarholtsbraut og Kópavogsbraut. Það sem helst er bent á er; skertar sjónlínur við gangbrautir, umferðarþungi við gangbrautir og að mikil umferð sé við skólann við Skólagerði.



MANNGERT UMHVERFI HLJÓÐKORT

- Umferðarhávaði í 2 m hæð.

	< 50 dB (A)
	51 - 55 dB (A)
	56 - 60 dB (A)
	61 - 65 dB (A)
	66 - 70 dB (A)
	71 - 75 dB (A)
	76 > dB (A)






Árið 2013 var Verkfræðistofan Efla fengin til að reikna hljóðstig í Kópavogi vegna reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Markmið kortlagningarinnar er kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Reglugerðin tekur til hávaða sem fólk verður fyrir á byggðum svæðum, á útivistarsvæðum, kyrrlátum svæðum í þéttbýli og dreifbýli, við skóla, sjúkrastofnanir og aðrar byggingar þar sem fólk er næmt fyrir hávaða. Hávaðkort er skilgreint sem kort sem endurspeglar mældan eða útreiknaðan hávaða á tilteknu svæði frá mismunandi hávaðauppsprettum.

Hávaðamörk fyrir hávaða frá umferð, atvinnustarfsemi o.fl. er skilgreind í Reglugerð um hávaða nr. 724/2008¹. Á það bæði við hvort heldur sem er um að ræða breytingar á umferðaræð, uppbyggingu nýrra hverfa eða breytingar á þegar byggðum svæðum. Viðmiðunargildi samkvæmt reglugerð um hávaða er $Leq,24h=55$ dB(A) við opnanlega glugga. Viðmiðunargildi um hávaða innanhúss er $Leq,24=30$ dB(A). Viðmiðunargildin "innanhúss" miðast við lokaðan glugga en opnar loftrásir.

Vegna kortlagningar hávaða skv. tilskipun EU 2002/49/EC, var gefin út reglugerð nr. 1000/2005². Samkvæmt henni ber að kortleggja hávaða samkvæmt öðrum aðferðum (Lden í 4 m hæð) en kveðið er á um í Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 (Leq í 2 m

hæð), en hávaðavísirinn Lden felur í sér aukið vægi fyrir umferð á kvöldin (+5 dB) og á næturnar (+10 dB). Í hávaðakortlagningunni sem gerð var árið 2012 skv. reglugerð nr. 1000/2005 voru niðurstöður settar fram í formi hávaðakorta sem sýna Lden gildi í 4 m hæð yfir jörð. Niðurstöður þessara korta eru því ekki í samræmi við hávaðakort sem unnin eru í samræmi við kröfur reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þar er jafnan reiknað í 2 m hæð yfir jörð og reiknað með hávaðavísinum Leq . Munurinn á þessu tvennu getur verið þónokkur. Vegna þessa getur svæði verið gullitað (hljóðstigsbil 55-60 dB(A)) á hávaðakortum sem útbúin voru vegna aðgerðaáætlanna, en hljóðstig þó verið fullnægjandi (<55 dB(A)) þegar horft er til krafna í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Í kjölfar útreikninga á hljóðstigi var unnin Aðgerðaáætlun gegn hávaða í Kópavogi, Horft er til þeirra svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði og reiknast yfir $Lden = 65$ dB, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir.


  	Skýringar Hæðarlínur Gata Hljóðvarnir Íbúðarhús Skólar Önnur hús Heilbrigðisstofnun	Verk: Hávaðakortlagning skv. EU 2002/49/EC Hafnarfjarðarvegur, 40-02, 40-03 Reykjanesbraut, 41-11, 41-12 Arnarnesvegur, 411-06 Kópavogur - Yfirritsmynd	Verkkaupi: Kópavogsbær Mælikvarði 1:15000 
	Reiknað: KÓ	Dags: Jan 2013	Talning nr.: K - 300

MANNGERT

UMHVERFI

HLJÓÐKORT

- Reiknað hljóðkort í 2 m hæð miðað við umferðartalningu árið 2015.
Unnið af VSO ráðgjöf.



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI MINJAR

- Minjar úr Minjaskrá Kópavogs 2014. Hér eru aðeins birtar upplýsingar um minjar innan þéttbýlis Kópavogs.
- Upplýsingar um staðsetningu minja úr heimalandi Kópavogs má nálgast á heimasíðu bæjarins.

Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum.

1. Skerjafjörður.
2. Borgir á Kársnesi.
3. Víghólar á Digraneshálsi.


Bæjarvernd/Hverfisvernd.

4. Höfði, tangi við Fossvog.
5. Kópavogstún og Kópavogspingstaður.
6. Fossvogslækur og umhverfi hans.
7. Einbúi.
8. Álfhóll.
9. Trjálundur ofan Aspar- og Birkigrundar.
10. Trjálundur ofan Nýbýlavegar (Eilífsreitirinn)
11. Trjálundur milli Reynihvamms og Digranesvegar.
12. Grjótnám norðan Smiðjuvegar.
13. Hádegishólar.
14. Engjaborg við Fífuhammsveg.
15. Sel í Rjúpnadalshlíð.
16. Dimma.
17. Elliðavatn.
18. Trjálundur við Laxatanga.
19. Guðmundarlundur.
20. Magnúsarlundur á Kjóavöllum.
21. Markasteinn.
22. Trjásafn í Meltungu.

Minjavernd og fornleifaskrá.

- 23 - Álfhóll (er líka bæjarvernd).
- 24 - Digranesbærinn.
- 25 - Selstaða.
- 26 - Markasteinn (er líka bæjarvernd).
- 27 - Rústir undir Vatnsendahvarfi.
- 28 - Beitarhús undir Vatnsendahvarfi.
- 29 - Hjónadysjar.
- 30 - Systkinaleiði.
- 31 - Þingnes við Elliðavatn.
- 32 - Hressingarhælið.
- 33 - Kópavogsbærinn.

Nánari upplýsingar má finna á Fornleifaskrá Kópavogs á heimasíðu bæjarins.



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI ÚTIKENNLSVÆÐI

- Útikennslusvæði.
- Leikskólar.
- Grunnskólar.
- Áhrifasvæði útikennslusvæða, 600m.

Kársnes

1. Ævintýraskógur á Kópavogstúni.

Digranes

2. Bræðratungugarður.
3. Fossvogsdalur við Víðigrund, Asparlundur.
4. Trjásafnið í Meltungu.
5. Víghólasvæðið.
6. Laufáslundur.

Smárinn

7. Kópavogsdalur.

Fífuhvammur

8. Opið svæði ofan við Lindaskóla, Lindaskógur.
9. Opið svæði við Hádegishóla.
10. Við Rjúpnahæð, Útikennslustofa í Smalaholti.

Vatnsendi

11. Garður við Dimmu.
12. Magnúsarlundur.
13. Guðmundarlundur.

